Nr. 31.
20.
október.

# Lög
um
## sölu þjóðjarða.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendum, er á þjóðjörð sitja, ábýli sín, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Heimild þessi nær eigi til þeirra þjóðjarða, sem að áliti sýslunefndar þar, er jörð liggur, eru hentugar til embættissseturs, fyrir skóla, sjúkrahæli eða til annara almennings nota.

Nú er kauptún, þorp eða verksmiðjuiðnaður fyrir á þjóðjörð, eða sýslunefnd telur líklegt, að slíkt komi þar upp innan skamms, eða sýslunefnd hyggur jörðina stjerstaklega fallna til sundurskiptingar á milli margra grasbýla, og má þá eigi selja jörðina án sjerstakrar lagaheimildar í hvert skipti.

3. gr.

Þegar þjóðjörð er seld samkvæmt lögum þessum, skal ávallt undanskilja náma, sem vera kunna í jörðu eða finnast þar síðar, svo og rjett til að nota þá, en ábúanda bera fullar bætur eptir óvilhallra manna mati fyrir átroðning og jarðarusla, er af því leiðir, að þeir eru notaðir.

4. gr.

Nú er fleirbýli á þjóðjörð, og má þá selja einum þeirra, er á jörðinni búa, alla jörðina, ef hinir aðrir leiguliðar á henni samþykkja.

5. gr.

Nú er þjóðjörð í eyði, og má þá selja jörðina þeim, sem tekur jörðina til eigin nytja, þótt eigi taki hann þar aðsetur.

6. gr.

Sá, er leita vill kaups á þjóðjörð, semur um það beiðni, stýlaða til stjórnarráðsins, og sendir hana til oddvita sýslunefndarinnar.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 31.
20.
Oktober.

om

## Salg af Landskassens Jorder.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Islands Minister bemyndiges til at afhænde til Opsidderne paa de Landskassen tilhørende Jorder deres Brugsjord med de Begrænsninger og paa den Maade, som fastsættes i denne Lov.

§ 2.

Denne Bemyndigelse strækker sig ikke til de af Landskassens Jorder, som Sysselforstanderskabet, hvor Jorden er beliggende, anser for egnede til at afgive Bopæl for Embedsmænd, Plads for Skoler, Sygehuse, eller til anden offentlig Brug.

Findes der allerede et Handelssted, en Flække eller Fabrikdrift paa en Landskassen tilhørende Jord, eller anser Sysselforstanderskabet det for sandsynligt, at saadant opkommer der i en nær Fremtid, eller finder det Jorden særlig egnet til Udparcellering i mange Husmandslodder, maa Jorden ikke afhændes uden særlig Lovhjemmel i hvert enkelt Tilfælde.

§ 3.

Afhændes en Landskassen tilhørende Jord i Henhold til denne Lov, bør Miner, som findes paa denne eller senere maatte opdages der, altid undtages fra Salget, saa vel som Retten til deres Benyttelse, men der tilkommer Opsidderen fuld Erstatning efter uvillige Mænds Skøn for den Ulempe og Beskadigelse af Jorden, som følger af dens Benyttelse til Minedrift.

§ 4.

Er der flere Opsiddere paa en Landskassen tilhørende Jord, maa hele Jorden afhændes til en enkelt af disse, saafremt de øvrige Opsiddere dertil give deres Samtykke.

§ 5.

En Landskassen tilhørende Ødejord maa afhændes til den, som overtager Jorden til eget Brug, selv om han ikke bosætter sig paa den.

§ 6.

Den, som ønsker at erhverve en Landskassen tilhørende Jord, har derom at indsende et til Ministeriet stilet Andragende til Sysselforstanderskabets Formand.

Nr. 31.
20. október.

Ef beiðandi fullnægir skilyrðunum fyrir því að geta fengið jörðina keypta eptir lögum þessum, leggur sýslumaður beiðni hans fyrir sýslunefnd á næsta fundi hennar, og skal hún láta uppi, hvort hún telji jörðina til þeirra þjóðjarða, sem getur um í 2. gr. Ennfremur skal sýslunefnd segja álit sitt um, hvort undan sölunni ætti að skilja skóglendi, fossa eða önnur jarðargögn, önnur en náma.

7. gr.

Nú telur sýslunefnd, að jörðin falli ekki undir ákvæðin í 2. gr., og skal þá sýslumaður dómkveðja tvo óvilhalla menn til þess að gjöra lýsing á jörðinni ásamt öllu því, er henni fylgir og fylgja ber, og meta til peningaverðs. Verðið skal að öllum jafnaði miðað við það, að verðhæðin með 4% í vöxtu á ári veiti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðabótakvöð nema í peningum til jafnaðar um 10 síðastliðin ár, ef leigumáli að dómi matsmanna hefur verið hæfilegur og honum hefur á því tímabili ekki verið breytt við ábúandaskipti, ella miða matsmenn við afgjald það, sem þeir telja hæfilegt eptir leigumála jarða í því byggðarlagi. — Jarðabótakvöð þá sem hjer er nefnd, skulu matsmenn reikna til dagsverka, eins og tíðkast hefur við styrkveiting úr landssjóði til búnaðarfjelaga, og telst hvert dagsverk jafngilda 1 kr. 25 aurum í öðru eptirgjaldi.

Nú hefur sýslunefnd látið í ljósi það álit samkvæmt 6. gr., að undan sölu þjóðjarða ætti að skilja skóglendi, fossa eða annað, og skal þá meta jörðina bæði að gæðum þessum meðtöldum og án þeirra.

8. gr.

Nú hefur ábúandi á næstu 10 árum áður en mat fer fram og án nokkurs styrks úr umboðssjóði gjört jarðabætur eða jarðarhúsabætur á þjóðjörð umfram það, er byggingarbrjef áskildi, og skulu þá matsmenn þeir, er um getur í 7. gr., meta jörðina eins og engar slíkar jarðabætur eða húsabætur hefðu verið gjörðar, þegar ábúandi sá, er þær gjörði, ekkja hans eða niðjar eru kaupendur.

9. gr.

Jafnframt því er sýslumaður kveður matsmenn samkvæmt 7. gr., skal hann útvega frá umboðsmanni eða umráðamanni þjóðjarðarinnar skýrslur þær viðvíkjandi jörðinni, sem matsmenn þurfa samkvæmt ákvæðum 7. og 8. gr., við mat sitt og lýsing á jörðinni. Umboðsmanni eða umráðamanni er skylt að láta þessar skýrslur í tje innan hæfilegs tíma, er sýslumaður tiltekur.

10. gr.

Lýsingar- og matsgjörð sína á jörðu senda matsmenn ásamt öllum tilheyrandi skjölum til sýslumanns, er síðan skal láta matsmennina staðfesta gjörðina fyrir rjetti að tilkvöddum kaupsbeiðanda og umboðsmanni eða umráðamanni jarðarinnar. Beiðnina um kaupin, lýsingar- og matsgjörðina ásamt öllum öðrum skjölum málsins sendiri sýslumaður að því búnu hlutaðeigandi umboðsmanni, en hann afgreiðir málið til stjórnarráðsins, ásamt áliti sínu um það, svo fljótt sem því verður við komið.

Saafremt Andrageren opfylder Betingelserne for at kunne faa Jorden købt i Henhold til denne Lov, forelægger Sysselmanden hans Andragende for Sysselforstanderskabet paa dets næste Møde, som derefter afgiver Erklæring om, hvorvidt det henregner Jorden til de i § 2 ommeldte Landsjorder. Endvidere afgiver Sysselforstanderskabet Erklæring om, hvorvidt der foruden Miner fra Salget bør undtages Skov, Vandfald eller andre Jordherligheder.



§ 7.

Finder Sysselforstanderskabet, at Jorden ikke falder ind under Bestemmelserne i § 2, skal Sysselmanden for Retten udmelde to uvillige Mænd til at affatte en Beskrivelse af Jorden med alt hvad den følger og følge bør, og ansætte den til Penges Værd. Vurderingssummen skal sædvanlig bestemmes saaledes, at den med en aarlig Rente af 4 pCt. giver et Rentebeløb, som er lige med hvad Jordafgifterne og de betingede Jordforbedringer ansatte i Penge gennemsnitlig udgøre i sidstafvigte 10 Aar, saafremt Lejevilkaarene efter Skønsmændenes Formening have været passende, og de ikke i dette Tidsrum ere blevne forandrede ved Opsidderskifte; i modsat Fald rette Skønsmændene sig efter det Afgiftsbeløb, som de anse for passende i Forhold til Jorders Bygselsvilkaar i den paagældende Egn. Skønsmændene skulle ansætte de omtalte betingede Jordforbedringer i Dagsværk efter de Regler, som hidtil er fulgt ved Understøttelser fra Landskassen til Landbrugsselskaber, saaledes at et Dagsværk iøvrigt regnes lige med 1 Kr. 25 Øre i anden Afgift.

Har Sysselforstanderskabet i Henhold til § 6 afgivet den Erklæring, at Skov, Vandfald eller andet burde undtages ved Salget af en Landskassen tilhørende Jord, skal denne vurderes baade med og uden disse Herligheder.

§ 8.

Har Lejlændingen i de sidste 10 Aar før Skønsforretningen uden nogen Understøttelse fra Ombudskassen foretaget Jordforbedringer eller Forbedringer paa Bygningerne paa en Landskassen tilhørende Jord, udover hvad der er betinget i Bygselsbrevet, bør de i § 7 ommeldte Skønsmænd, naar den, som udførte Forbedringerne, hans Enke eller Efterkommere ere Købere, vurdere Jorden som om de paagældende Forbedringer af Jorden eller Bygningerne ikke havde fundet Sted.

§ 9.

Samtidig med Skønsmændenes Udmeldelse efter § 7 skal Sysselmanden fra Ombudsmanden eller den, under hvis Raadighed Landsjorden staar, tilvejebringe de Oplysninger vedrørende Jorden, som Skønsmændene i Henhold til §§ 7 og 8 have Brug for ved Udførelsen af deres Skøn og ved Beskrivelsen af Jorden. Ombudsmanden eller den, som har Raadighed over den paagældende Jord, er forpligtet til at give disse Oplysninger inden en passende af Sysselmanden bestemt Frist.

§ 10.

Skønsmændene sende Beskrivelsen af og Skønsforretningen over Jorden med alle tilhørende Dokumenter til Sysselmanden, som derefter lader Skønsmændene stadfæste Forretningen i et Retsmøde, hvortil Andrageren og Ombudsmanden eller den, som har Raadighed over Jorden, indvarsles. Andragendet om Købet, Beskrivelsen og Skønsforretningen med alle andre Sagen vedrørende Dokumenter sender Sysselmanden derefter til vedkommende Ombudsmand, som snarest muligt ekspederer Sagen til Ministeriet med sin Erklæring.

Nr. 31.
20. október.

11. gr.

Nú vill eigandi jarðar, sem þjóðjörð á ítak í, leita kaups á ítakinu, og má þá selja honum það, ef samkomulag næst við ábúanda þjóðjarðarinnar og önnur atvik eru því eigi til fyrirstöðu. Fer þá um beiðni, mat og afgreiðslu málsins á sama hátt og um þjóðjarðir samkvæmt 6.—10 gr.

12. gr.

Þegar málið er komið til stjórnarráðsins, getur það, ef því þykir sjerstaklegar ástæður til bera, kvatt sjer til ráðaneytis kunnuga menn, er lýsi jörðum þeim og ítökum, sem til kaups er falað, meti til verðs og segi álit sitt um, hvort rjett sje að selja.

13. gr.

Nú kaupir ábúandi jörð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá greiða að minnsta kosti tíunda hluta kaupverðsins um leið og kaupin eru gerð. Um eptirstöðvarnar fer þannig, að ábúandinn gefur út skuldabrjef fyrir þeim með fyrsta veðrjetti í jörðinni, og greiðir þær síðan ásamt 4% í ársvöxtu, með jöfnum ársgreiðslum á eigi lengri tíma en 28 árum.

Nú gengur jörð, sem seld hefur verið ábúanda samkvæmt lögum þessum, úr sjálfsábúð, áður enn kaupverðið er að fullu greitt, og falla þá eptirstöðvar jarðarverðsins jafnskjótt í gjalddaga.

14. gr.

Nú er þjóðjörð eða ítak selt eptir lögum þessum, og ákveður ráðherrann þá endanlegt söluverð, sem þó aldrei má minna vera en verð það, sem metið hefir verið samkvæmt 7.—12. gr., og gefur út afsalsbrjef fyrir hinu selda. Öll skjöl er snerta söluna, skulu lögð fyrir næsta alþingi til athugunar.

15. gr.

Kostnað við matsgjörð þá, sem ræðir um í 7. gr., greiðir sá, er kaups beiðist á þjóðjörð eða ítaki, og getur sýslumaður krafizt, að hann setji trygging fyrir skilvísri greiðslu kostnaðarins, um leið og hann afhendir sýslumanni beiðni sína samkvæmt 6. gr.

Borgun til þeirra manna, sem ráðherra kann að kveðja sjer til ráðaneytis samkvæmt 12. gr., greiðist úr umboðssjóði, hvort sem úr sölu verður eða eigi.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1906.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 20. október 1905.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

§ 11.

Ønsker Ejeren af en Jord, hvori en Landskassen tilhørende Jord har en Servitut, at købe Servituten, kan den sælges ham, saafremt der opnaas Enighed med Opsidderen paa Landskassens Jord, og andre Omstændigheder ikke ere til Hinder herfor. Med Andragendet, Skønsforretningen og Sagens Ekspedition forholdes paa samme Maade som med Hensyn til Landskassens Jorder efter §§ 6—10.

§ 12.

Naar Sagen er indkommen til Ministeriet, kan dette, saafremt det dertil finder særlig Anledning, raadføre sig med lokalkendte Mænd, som da beskrive de Jorder og Servituter, som ønskes købte, ansætte deres Værdi og afgive Erklæring om, hvorvidt det er rigtigt at afhænde dem.

§ 13.

Køber Opsidderen en Jord i Henhold til denne Lov, skal han ved Salgets Fuldbyrdelse udbetale i det mindste en Tiendedel af Købesummen. For Restbeløbet udsteder Opsidderen en Forskrivning med 1ste Prioritets Panteret i Jorden, som, med 4 pCt. aarlig Rente afbetales med lige store aarlige Afdrag i Løbet af højst 28 Aar.

Gaar en Jord, som er afhændet til Opsidderen i Henhold til denne Lov, ud af Ejerens Brug, forinden Købesummen er fuldt betalt, saa er den ikke afbetalte Del af Købesummen straks forfalden.

§ 14.

Afhændes en Landskassen tilhørende Jord eller Servitut i Henhold til denne Lov, bestemmer Ministeren den endelige Købesum, som dog aldrig maa være mindre end den ifølge §§ 7—12 ansatte Vurderingssum, og udsteder Skøde paa det solgte. Alle Salget vedrørende Aktstykker forelægges det følgende Alting til Efterretning.

§ 15.

Omkostningerne ved den i § 7 ommeldte Skønsforretning erlægges af den, som anholder om Køb af den Landskassen tilhørende Jord eller Servitut, og staar det Sysselmanden frit for at afkræve ham Sikkerhed for Omkostningernes prompte Betaling, samtidig med at han afleverer til Sysselmanden sit Andragende i Henhold til § 6.

Betalingen til de Mænd, som Ministeren maatte tage paa Raad med sig i Henhold til § 13, udredes af Ombudskassen, hvad enten Salg finder Sted eller ikke.

§ 16.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1906.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 20. Oktober 1905.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 20. Oktober 1905.**

***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*